

**Bæjarmálaafli
Garðabæjar
Ársreikningur
2021**

Bæjarmálaafli Garðabæjar
Lynghólum 7
210 Garðabær
kt. 520418-0590

Bæjarmálaafli Garðabæjar Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Áritun um faglega aðstoð við gerð ársreiknings	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6

Áritun óháðs endurskoðanda

Til hluthafa og stjórnar Bæjarmálaafis Garðabæjar.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bæjarmálaafis Garðabæjar fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Bæjarmálaafli Garðabæjar í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og formanns á ársreikningnum

Stjórn og formaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og formaður eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og formaður ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Bæjarmálaafis Garðabæjar. Ef við á, skulu stjórn og formaður setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og formaður hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 17. mars 2025.

Deloitte ehf.

Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

Ársreikningur Bæjarmálaafls Garðabæjar fyrir árið 2021 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Skýrsla stjórnar

Stjórn Bæjarmálaafis Garðabæjar staðfestir að enginn einstaklingur hafi styrkt framboðið með styrk umfram 300 þúsund krónur.

Stjórn Bæjarmálaafis Garðabæjar staðfestir hér með ársreikning ársins 2021 með áritun sinni.

Garðabær, 17. mars 2025

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur		1.897.231	2.011.008
Annar rekstrarkostnaður		(1.832.509)	(2.240.384)
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir skatta		64.722	(229.376)
Fjármunatekjur		472	738
Fjármagnsgjöld		(6.509)	(13.504)
		(6.037)	(12.766)
Hagnaður (tap) ársins		<u>58.685</u>	<u>(242.142)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Veltufjármunir			
Handbært fé		889.214	830.529
		<u>889.214</u>	<u>830.529</u>
Eignir		<u>889.214</u>	<u>830.529</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		889.214	830.529
Eigið fé		<u>889.214</u>	<u>830.529</u>
Eigið fé og skuldir		<u>889.214</u>	<u>830.529</u>

Sundurliðanir

	2021	2020
Rekstrartekjur		
Framlög frá Garðabæ	1.015.653	1.015.653
Framlög einstaklinga	881.578	995.355
	<u>1.897.231</u>	<u>2.011.008</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Gjafir og styrkir	450.000	598.900
Auglýsingar	251.204	263.420
Markaðskostnaður	528.706	693.821
Aðkeypt þjónusta	469.636	666.723
Kaffikostnaður	132.963	17.520
	<u>1.832.509</u>	<u>2.240.384</u>